

Grein þessi birtist í 24 stundum 23. október 2007

Þróun atvinnulífs og byggða

Á árunum 1987-1998 starfaði ég erlendis sem stjórnunarráðgjafi. Viðskiptavinir mínir voru þá einkum fyrirtæki sem vegna tæknivæðingar og aukinnar alþjóðlegrar samkeppni voru að breyta starfsháttum sínum. Samtímis áttu sér stað víðtækar breytingar á hugmyndafræði fyrirtækjanna, skipulagi og mannaflapörf. Örar breytingar eru einkennandi þáttur atvinnulífs víða um heim og líklegt er að hröðun breytinga verði enn meiri á komandi árum. Við höfum ekki farið varhluta af þessari þróun í fyrirtækjum hér á landi, m.a. í sjávarútvegi þar sem nýafstaðinn niðurskurður á þorskaflaheimildum kallar á enn frekari breytingar, nýsköpun og aðlögun byggða. Í því samhengi er vert að skoða þróun hagkerfa og byggðamála.

Samkeppnishæfni og þróun hagkerfa

Í vinnu sinni fyrir Alþjóðlegu efnahagsstofnunina hefur bandaríski prófessorinn Michael E. Porter ásamt fleirum borið saman samkeppnishæfni þjóða heims. Þróuð hefur verið vísitala alþjóðlegrar samkeppni sem reiknuð er út frá nokkrum grunnþáttum. Þessir grunnþættir eru byggðir á kenningu um þriggja þrepa þróun hagkerfa. Fyrsta þróunarþrepið er **framleiðsludrifið hagkerfi** þar sem áhersla er á að byggja upp opinberar grunnstoðir og innviði svo sem grunnmenntun og heilsugæslu. Við tekur næsta þrep sem nefnt er **skilvirknidrifið hagkerfi**, þar eru til staðar skilvirknihvatar svo sem markaðir til að dreifa vörum, vinnuafli og fjármagni. Þriðja og þróaðasta þrepið er **nýsköpunardrifið hagkerfi** þar sem hugvit, þekking og skapandi kraftur eru helstu auðlindirnar. Meðal einkenna þriðja þrepsins eru stjórnunarhæfni, rannsóknarstarfsemi, nýsköpun og hátækni. Að sjálfsögðu er ekki gert ráð fyrir línulegri þróun hagkerfa í ofangreindum þrepum en samkeppnisvísitalan er reiknuð út frá öllum þeim grunnþáttum sem teljast einkenni hvers þreps. Í úttekt Alþjóðlegu efnahagsstofnunarinnar flokkast Ísland á þriðja þrepinu, við höfum sem sagt gengið öll þrepin og þrátt fyrir að hafa misstigið okkur á sumum sviðum þá vorum við í 14. sæti meðal 125 þjóða árið 2006. Í stuttu máli höfum við farið frá því að vera í frumhráefnaframleiðslu yfir í að nýta hugvit, þekkingu og sköpun til að auka verðmæti og gæði framleiðslunnar.

Byggðapróun

Með aukinni þekkingu og í krafti rannsókna hafa viðmið í byggðapróun breyst mikið á allra síðustu árum. Hugtökin sem eru lýsandi fyrir nútímalega áherslupætti í byggðapróun eru þekkingarsamfélag, nýsköpun, klasar, stefna, framtíðarsýn og hugmyndafræði. Þessi hugtök eru í grundvallaratriðum ólík þeim hugmyndum sem fyrir voru, til dæmis um að flytja einn og einn starfsmann og verkefni inn á byggðasvæði sem viðbrögð við byggðavandamálum þegar komið var í óefni. Mikilvægast af öllu er talið að heimamenn stýri aðgerðum, laði að atvinnulíf og opinbera starfsemi, geri aðstæður heima fyrir menningarlega spennandi fyrir núverandi og væntanlega íbúa, hugi að heildarsamhengi og nái að búa til sameiginlegan segul og togkraft fyrir samfélagið. Ef byggð á að eflast

þurfa öll þrepin í þróun hagkerfa að vera til staðar. Meðal nauðsynlegra þátta eru sterkir innviðir, menntun, skilvirknihvatar og síðast en ekki síst nýsköpun.

Tækifæri

Ég stýri nefnd menntamálaráðherra sem kannar leiðir til að efla háskóla- og fræðastarf á Vestfjörðum, nefndinni er ætlað að skila tillögum fyrir áramót. Helginni vörðum við nefndarmenn á Ísafirði, fyrst á málþingi um atvinnumál og svo á fjölmörgum fundum. Hafandi ofangreinda sýn á þróun atvinnulífs, hagkerfa og byggðamála fannst mér spennandi að heyra um hugmyndir heimamanna og fá að kynnast þeim tækifærum sem þeir sjá í stöðunni. Vænst þótti mér um að skynja kraftinn og metnaðinn í þeim sem við hittum, því tækifærin búa í einstaklingum sem breyta þeim í aðgerðir og árangur.

Guðfinna S. Bjarnadóttir
Alþingismaður